

Benedikt S. Þórarinnsson
150 ára minning 1861-2011

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

2011

Texti: Jökull Sævarsson

Prófarkalestur: Eiríkur Þormóðsson

Umbrot og hönnun kápu: Ólafur J. Engilbertsson/Sögumiðlun ehf

Prentvinnsla: Hjá Guðjón Ó

Ljósmyndir: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Þjóðminjasafn Íslands, Sigfús Eymundsson (bls. 10), afkomendur Benedikts S. Þórarinssonar

Þakkir til Guðjóns Friðrikssonar og Þórarins Benedikz fyrir aðstoð við gerð myndatexta

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 2011

ISBN 978-9935-434-01-2

Aðfaraorð

*Þú reyndir, hvert hugur og harðfylgi ná,
þótt hendurnar tvískiptar vinni:
að brjóta með annarri braut sinni þrá,
en berjast við lífið með hinni.*

Svo orti Þorsteinn Erlingsson í kvæðinu Aldaslagur sem hann flutti Benedikt Sigurði Þórarinssyni fimmtugum árið 1911. Það fer vel á því að birta þetta aldargamla kvæði í upphafi þessa kvers sem gefið er út til að minnast þess að 6. nóvember 2011 eru 150 ár liðin frá fæðingu Benedikts. Hann dó árið 1940 þannig að ævi hans skiptist næstum jafnt á milli 19. og 20. aldar. Sigurður Nordal kemst vel að orði þegar hann segir að Benedikt hafi borið svip beggja aldanna og sameinað margt það besta úr gamla og nýja tímanum: annars vegar festu, gætni, hyggindi og forsjálni og hins vegar stórhug og djarfar vonir um viðgang þjóðarinnar í framtíðinni. Þessir eiginleikar Benedikts nýttust honum vel í því æviverki sem mun halda nafni hans hvað lengst á lofti – bókasafninu. En með mikilli þekkingu, elju og smekkvísi tókst honum að eignast stærsta safn íslenskra bóka sem til hefur verið í eins manns höndum hér á landi.

Benediktssafn er nú eitt af sérsöfnum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Það var í einni af fjölmörgum heimsóknum sínum í safnið sem Benedikt Sigurður Benedikz (1932-2009), sonarsonur og nafni Benedikts eldra, nefndi það við mig að minnast þyrfti 150 ára afmælis Benedikts afa síns með einhverjum hætti. Það varð úr að ég myndi taka saman yfirlit yfir ævi hans, með sérstakri áherslu á bókasöfnunina, sem koma skyldi út á afmælisdaginn. Ég fékk eins mánaðar rannsóknarleyfi til að sinna heimildaöflun og fór og heimsótti Benedikt yngra til Birmingham og tók við hann viðtal. Hann bjó yfir miklum fróðleik um afa sinn en hann ólst upp hjá honum að nokkru leyti og mundi hann vel. Benedikt yngri erfði bókaáhugann frá afa sínum og starfaði á bókasöfnum alla sína ævi. Hann benti mér á að taka líka viðtal við Kristínu Guðlaugsdóttur (1919-2008) en hún starfaði sem vinnukona á heimili Benedikts eldra á Smáragötunni. Þetta rit er tileinkað minningu þeirra beggja, Benedikts yngra og Kristínar.

Jökull Sævarsson



Benedikt S. Benedikz.

Austfirðingurinn

Í nóvember 1861 bjuggu á Ósi, sem er næstysti bær að sunnanverðu í Breiðdal í Suður-Múlasýslu, Þórarinn Eyjólfsson og Helga Jónsdóttir. Frá febrúar 1860 til janúar 1861 höfðu þau hjónin orðið fyrir því mikla áfalli að þurfa að horfa á eftir fimm af sex börnum sínum í gröfina, þar af tveimur sama daginn. Þessi hörmulegi barnamissir varð þeim hjónum ærið þungbær. Hvorugt þeirra gat minnst þessa atburðar án þess að fella tár meðan þau lifðu. Urðu þau þó nokkuð gömul, hann nærri sjötugu en hún hálfátræð.



Benedikt og fjölskylda hans 1907. Frá vinstri: Benedikt, Þórunn, Sólun, Þyri Helga, Eiríkur, Hansína og Þórdís Todda. Benedikt skartar keisaraskeggi svokölluðu sem voru vinsæl á þessum tíma en hurfu eins og dögg fyrir sölu þegar fyrri heimsstyrjöldin hófst.

Fyrsta barnið sem þeim fæddist eftir þessar hörmungar var drengur er þau létu skíra Benedikt Sigurð en hann var látinn heita eftir Benedikt, dreng sem þau höfðu misst, og eftir séra Benedikt Þórarinssyni presti í Eydölum. Þeir Þórarinn bóndi og séra Benedikt höfðu verið góðir vinir. En Sigurðar nafnið var eftir Sigurði hreppstjóra Jónssyni frænda Þórarins er hafði látist þá um haustið. Sagði Þórarinn svo frá að sig hefði dreymt hann þrisvar koma á gluggann uppi yfir sér um haustið, seinast í októbermánuði, og segja: „bráðum eignast þú son, ég læ honum nafn mitt.“ Þórarinn þóttist í fyrstu hafa svarað máli hans á þá leið að ef hann eignaðist dreng þá skyldi hann heita

Benedikt eftir drengnum sem hann hefði misst og væri sér ógleymanlegur. Þótti honum Sigurður þá hverfa af glugganum. Eins fór í annað sinn. Í þriðja skiptið minnti Sigurður hann á frændsemi þeirra og stöðuga vináttu og stakk þá upp á að drengurinn gæti heitið Benedikt Sigurður. Þóttist Þórarinn þá hafa lofað því. Sýndist honum þá Sigurður verða glaður við og segja: „Ég hygg að strákurinn verði eigi gæfuminni fyrir mitt nafn.“

Þegar Helga kona Þórarins varð léttari 6. nóvember 1861 ól hún sveinbarn. En drengurinn var líflítill og erfitt að sjá þess merki að hann myndi hjarna við. En ljósmóðirin Sigríður, systir húsfreyju, er var þar heimilisföst, reyndi allt sem hún gat til að lífga barnið við og það tókst að láta það hressast. Drengurinn fór að anda betur en áður en var lengi frekar óburðugur og komst aldrei á brjóst og var því látinn totta pela og dúsu.

Sjö ára gamall fluttist Benedikt með foreldrum sínum að Fagradal í Breiðdal og ólst þar upp fram til 1880 eða til 19 ára aldurs. Fór það vor til Seyðisfjarðar og stundaði þar sjóróðra um sumarið en um haustið fór hann í Möðruvallaskólann. Var hann þá nýstofnaður og kennsla fór þar fyrst fram veturinn sem þá fór í hönd. Benedikt lá rúmfastur mikinn hluta vetrarins og var svo þungt haldinn að lítið varð úr náminu. En næsta vetur var hann í skólanum.

Faðir hans lést 1879 og skömmu síðar fluttist móðir hans að Skála á Berufjarðarströnd. Var Benedikt þar hjá henni þau misserin sem hann var ekki í skólanum. En sumarið 1883 ferðaðist hann um landið með sænskum steinafræðingi sem hét Gustaf Flink. Næsta vetur, 1883-1884, var hann enn við nám í Möðruvallaskóla en haustið 1884 fór hann til Danmerkur og lærði laxaklak í Viborg. Kom heim aftur í apríl næsta vor og var heima á Skála sumarið eftir en næsta vetur barnakennari hjá Þórunni Eiríksdóttur í Lundi við Djúpavog. Þar var Benedikt þrjú misseri og kvæntist Sólrúnu, systur Þórunnar, 1886 og fluttust þau til Reykjavíkur vorið eftir. Voru þau þar eitt ár en vorið 1888 keypti hann Vatnsenda við Elliðavatn. Hann vildi gerast bóndi og vera sinn eigin herra. Þar bjuggu þau í þrjú ár. Sagðist Benedikt hafa byrjað búskapinn með tómar skuldir, aleigan hafi verið einn hestur og nokkrar bækur en hann verið skuldlaus þegar hann fór frá Vatnsenda og átt 3.000 kr. Um þetta leyti, árið 1891, fóru Vesturfaraagentarnir mikinn á landinu og buðu þeim sem vildu fara til Vesturheims alls konar friðindi. Það var líklega vegna áhrifa frá þeim að Benedikt og Sólrún ákváðu að flytja til Ameríku en fyrst var ferð þeirra heitið til Austfjarða að kveðja ættingja og vini. Þegar þau komu austur frétti Benedikt að jörðin Vestdalur við Seyðisfjörð væri til sölu og það varð úr að þau hættu við vesturförina og hann keypti jörðina af Gránufélagsversluninni. Til ábúðar gat hann þó ekki fengið Vestdal fyrr en næsta vor, 1892, en þar var hann síðan í tvö ár. Jörðin var nokkuð niðurnidd en Benedikt réðst í jarðabætur og gerði mikið fyrir hana. Þessar miklu framkvæmdir tóku sinn toll af heilsu hans svo að vorið 1894 seldi hann Gránufélagsversluninni aftur Vestdal með hagnaði og fluttist til Reykjavíkur.



Benedikt S. Þórarinnsson á yngri árum.



Benedikt S. Þórarinnsson.

Lýsing á móður og föður

Í handritum Benedikts Þórarinnssonar er að finna þessa lýsingu hans á foreldrum sínum:

Þórarinn Eyjólfsson (1810-1879)

Þórarinn var meðalmaður á hæð og þrekinn en nokkuð lotinn í herðum en þó eigi hálsstuttur. Svaraði sér vel á yngri árum. Að yfirlitum var hann hrafnsvartur á hár og skegg. Ennið í meðallagi hátt. Nefið beint og sterra en í meðallagi. Tuginleitur í andliti og með all langa höku. Bláeygður og lágu augun vel. Var allra manna best skyggn. Með falleg eyru og þótti all fríður sýnum. Hann hærðist aldrei en fékk á síðustu árum rotskellur uppaf eyrum og aftan í hnakka að neðan. Hann þótti með færustu mönnum að burðum og hinn þrautseigasti til allrar áreynslu. Hinn mesti kappsmaður við alla vinnu og þó mjög lagvirkur og hagsýnn og nýttinn á allt er að gagni mátti verða.

Þórarinn var velgreindur maður og greinargóður, allra manna áreiðanlegastur í orðum og verkum og gjörhugull um allt er honum tilheyrði eða við kom að einhverju leyti. Hann var vel lesandi en skrifari var hann ekki. Varð að setja allt á minnið og var líka minnisgóður. Hann var guðhræddur og trúmaður mikill og kirkjukær. Aldrei sá ég hann spila né taka neinn þátt í leikjum eða annarri glaðværð á helgum dögum en á virkum dögum gaf hann sér engan tíma til þeirra hluta. Hversdagslega var hann fálátur og dagfarsgóður en ef hann reiddist var hann vargur og ofsamaður, gat þá jagast langa hríð og langrækin var hann. En þetta hvorttveggja bar sjaldan við því alla smámisklið leiddi hann þegjandi hjá sér og lést hvorki heyra né sjá.

Helga Jónsdóttir (1825-1900)

Helga kona hans var meðalkvenmaður að hæð og þéttvaxin og holdug á yngri árum. Var fríð kona með stórt enni og falletgt yfirbragð. Bláeygð og lágu augun vel. Með mikið dökkjarpt hár á yngri árum. Sómdi sér vel á allar lundir. Þótti falleg í vexti. Hún var mjög námfús og las mikið af andlegri og veraldlegri ljóðagerð. En ekki var hún skrifandi. Hún áleist vera skynsöm kona. Framúrskarandi

A black and white photograph of a two-story building with corrugated metal siding. The building has a series of windows on both floors. On the ground floor, there are three large, empty window frames on the right side and a doorway on the left. A sign above the doorway reads "Posthuset" and "LADEN". A person wearing a hat and dark clothing is standing on the sidewalk in front of the doorway, holding a bag. To the left of the person is a small, dark, wheeled object, possibly a cart or a small stove. The building has a dark roof with two chimneys. The sky is overcast.

Bacchus er guð gleðinnar.

Sem himins dög, er dreifir fjöri, lífi,
um dali, strendur, hliðar, tún og engi,
og vekur alt af vetrar þungu kifi
og vorsins strengi lætur hljóma lengi.

Svo er það eins með **akvavítið** góða og **ölföng** þau, sem *Bensi* karlinn hefur, þau græða lif og auka unaðsgróða svo ævin verður bjartur geislavefur.

Og **Brennivín** heit er þar að
kaupa,
því **Ben. S. Þór. á heilaveigar**
góðar,
þær koma *hóltum kórlum* til að hlaupta
og kveða: „Lifi andans vonir hljóðar!“

XXV
Verzlu

Ben S. Þórssonar er sú eina verðin hér dandi
er seltur hér körbrenninn, margar tegundir af
margra dra gannal. Hous breuzin er heilnast,
teyur matarleg og þáð sem mest er um vert, heit
þingur og þingur og þingur og þingur og þingur
meny, þegar þér viljið fá ykur á flöku og þingur
þingur. Enginn verður tekur af því og enginn eftir
gerir það. Aguard – listin varir er best í verðin
Ben S. Þórssonar; margar tegundir. Í verðin
þingur og þingur og þingur og þingur og þingur
eintingum eiting; Madreir, Margat, teyur
Sherry, Cognac frá Spáni, Cognac (margar teg-
undir) og Raubvin frá Frakklandi. Whisky (marg-
ar teg.) frá Englandi, Portvin, Sherry, Banko, Romm,
einingur og þingur og þingur og þingur og þingur
þáð góðkoma breuzin margar tegundir og Alliance
Erfið Dobbeli af frá Danmörku.

*Afa kvenntölu, selur verzlun Ben. S. Þórar-
inssonar, eins og aðrar verzlunir bæjarins.
Birkistólar og hörð o. fl. húsöggn úr birki selur
verzlun Ben. S. Þórarinssonar ódýrri og betri. Fyrir
því er markta ára reynsla.*

Jólaböð er á hverju ári í verzlun Ben. S. Þórarinnssonar, þar er að fá mjög snötra hluti bæði fyrir fullorðna og börn; og árið um kring er ávalt nóg til af tækifæringisjöfum og barnagullum.

Rammulistar eru ávallt til í verzlun Ben. S. Þórarinnssonar og mjög margar tegundir Kabinet-myndarammar, hvernig eins fjölbreyttar, yfir 30 tegundir og tilhafi af allstærka smámyndum.

Göngustöfum er viðbrugðið fyrir gæði hjá Ben.
S. Þórarinnssyni.

Sinkheita, fernis, lifi og pensla, selur verzlun
Ben. S. Þórrinssonar.

Alt töðuk selur verzlun Ben. S. Þórarinnssonar.
Reykjaryfir eru beztar í verzlun Ben. S. Þórarinnssonar.

Lýsing í Hlín 15. desember 1993

7

Lausavísur

Benedikt S. Þórarinnsson safnaði lausavísum og í handritum hans er að finna mikið af þeim. En hann var sjálfur oft yrkisefni hagrðinga og fjölluðu kvæðin þá gjarnan um vinsælustu vöruna í búiðinni.

Blessaður veri Ben. S. Þór.

Björg sem þyrstum veitir næga.

Því hann selur Betelsbjór
og brennivínið þjóðarfræga.

Blessaður sé Ben. S. Þór,

björg sem veitir fyrstur næga.

Hann sem veitir bestan bjór,
og brennivínið þjóðarfræga.

Blessi Drottinn Bensa Þór,

berðu honum kveðju mína.

Hans skal yfir hinsta bjór
heimurinn aldrei glíma.

„Brennivínið bragðgóða“,

bjarta, fína og heilnæma
sjálfur dreypti' í síkling stór,
sem hann keypti af Bensa Þór.

Bakkus víða vígi hefur

vafin þrýði, smá og stór:

Fischer, Bryde, Thomsen tefur

Templaralýð og Bensi Þór.

Kaupmaðurinn

Þegar til Reykjavíkur var komið keypti Benedikt hús og lóð við Laugaveg 7 af Sigurði Oddssyni í Gröf og kostaði eignin þá 1.200 kr. og þótti dýrt seld. Á lóðinni var þá lítið hús, 9×11 álnir, og í því opnaði Benedikt verslun 9. september 1894. Um ástæður þess að hann hóf verslunarrekstur er erfitt að segja en verslun í Reykjavík var á þessum tíma á hálfgerðu bernskuskeiði og Benedikt hefur kannski séð þegar hann leit yfir sviðið að það væri pláss fyrir kaupmann í viðbót.

Benedikt stækkaði húsið þegar næsta ár og 1898 byggði hann það upp á ný með steinkjallara. Hann var einn fyrsti maður í Reykjavík til að setja vatn og rafmagn innanstokks.

Benedikt færði smám saman út kvíarnar eftir því sem efni leyfðu. Græddist honum ágætlega fé á verslun sinni og gerðist umsvifamikill í kaupsýslunni. Naut hann hins mesta trausts viðskiptavina sinna, jafnt innan- sem utanbæjar, enda átti hann mikla verslun við bændur og safnaðist honum dagóður viðskiptavinahópur. Hann var vel staðsettur á Laugaveginum, hinir kaupmennirnir voru niðri í Kvos. Hann gat því gripið bændurna þegar þeir komu inn í bæinn.

Þegar Benedikt hóf verslun í bænum var Reykjavík enn hálfgerð þorp. Kaupmenn litu þá hver annan hornauga og stéttarsamtök þeirra voru óþekkt fyrirbrigði. Það var ekki fyrir en um aldamótin að íslenskum kaupmönnum tók að skiljast að nauðsynlegt væri að þeir byndust félagsböndum þar sem þeir gætu rætt sameiginlega hagsmuni sína og aukið velferð stéttar sinnar. Benedikt mun ásamt öðrum hafa verið hvatamaður þess að kaupmenn stofnuðu með sér félagsskap á Jónsmessunni árið 1899 er nefndist Kaupmannafélag Reykjavíkur. Jes Zimsen var fyrsti formaður þess. Nokkru síðar var Benedikt kosinn í stjórn félagsins. Hann átti frumkvæði að ýmsum umbótamálum sem litlum skilningi mættu þá um stund en náðu síðar fram að ganga. Vildi hann þannig að Kaupmannafélagið yrði stéttarfélag allra íslenskra kaupmanna á landinu og beitti sér fyrir því máli í ráðu og riti. Náði það fram að ganga liðlega 10 árum síðar er Verslunar-ráð Íslands var stofnað.

Fyrir forgöngu Benedikts festi félagið nokkru eftir aldamót kaup á blaðinu *Reykjavík* sem áður var auglýsingablað en var nú gert að málgagni verslunarstéttarinnar. Var það sennilega fyrsta málgagn þeirrar stéttar hér á landi. Mun Benedikt ásamt ritstjóra blaðsins, Jóni Ólafssyni, hafa sett mest mót á blaðið og stefnu þess.



Auglýsing í *Ingólfi*, 12. apríl 1908.

Benedikt hafði einnig afskipti af fleiri blöðum en *Reykjavík*, hann átti m. a. sæti í ritnefnd *Fjallkonunnar* og í útgáfufélagi *Ingólfs*. Þá var hann í stjórn Þjóðræðisfélagsins og Orðabókarfélagsins sem gaf út orðabók Jóns Ólafssonar.

Lét Benedikt sig þannig um skeið þjóðmálin miklu skipta en dró sig út úr því argi er árin færðust yfir.

Þegar Benedikt fékk leyfi til verslunarreksturs öðlaðist hann rétt til að versla með allar þær vörutegundir sem þá var heimilt að hafa á boðstólum í almennri verslun á landinu, þ. á m. áfengi. Samkvæmt lögum frá 1899 um verslun og veitingar áfengra drykkja áttu þeir sem það gerðu að greiða árlegt vínsölugjald, 500 kr., í landssjóð. Um aldamótin voru áfengir drykkir orðnir stærstur hluti þess sem Benedikt höndlaði með. En þegar lög um aðflutningsbann á áfengi tóku gildi um áramótin 1914-1915 varð hann að hætta þeirri verslun. Þetta gat Benedikt ekki sætt sig við og fór í mál

við landssjóð á þeim forsendum að með bannlögnum hefðu verið unnin spjöll á atvinnu hans. Hann krafðist skaðabóta, 5.000 kr. á ári eða til vara 50.000 kr. eingreiðslu, vegna þess að vínsöluréttur hans hefði verið tekinn af honum bótalaust. Benedikt hafði ekki erindi sem erfiði, málið tapaðist á öllum dómstigum, síðast í hæstarétti í Danmörku árið 1918.

Benedikt ákvað sem sagt að leggja niður verslunina eftir 20 ára rekstur frekar en að halda henni áfram opinni án þess að hafa áfengi á boðstólum. Hann neitaði að selja nokkuð ef hann fékk ekki að höndla með

það sem hann var þekktastur fyrir. Eftir þessa reynslu fékk hann illan bifur á afskiptum yfirvalda af öllum einkarekstri á landinu. Þegar Kristján 10. kom í heimsókn til Íslands 1936 var Benedikt spurður af hverju hann hefði ekki farið að sjá kónginn. „Upp á hvað, hann tók af mér lífsstarf mitt“ var svarið.

Jólapelann

er hollast að kaupa í verslun **BEN. S. ÞÓRARINSSONAR**. Þar fást óteljandi tegundir af **spönskum, frönskum, enskum, dönskum og austurrískum vínunum**; allt frá beztu vínhusum. Úr miklu er að velja, t. d. 8 tegundir af Portvínunum og viðlíkt af Sherry, Cognac, Whisky o. s. frv., o. s. frv.

Auglýsing í *Reykjavík*, 16. desember 1905.

„Reynslan er sannleikur“,

sagði *Repp*. Portvinin og Sherryvinin *spönsku*, er **Ben. S. Þórarinsson** selur, eru viðfræg um heim allan fyrir það, að þau lækna alla taugaveiklun og bæta meltinguna, en brennivínið þjóðarfræga fyrir það, að það lifgar, hressir, luggar og gleður mannsins anda. Ben. S. Þór. er þögull og segir aldrei frá, hverjir við hann verza.

Auglýsing í *Þjóðólfi*, 2. nóvember 1906.

Hjá Íslendingum er alt í lagi, áfengi nóg og kvenfólk hér.

Og glóðaraugu af góðu tagi gratis – ef nokkuð út af ber.

Templarar sálma syngja í kór.

– Ég sé þú ert hissa, Bensi Þór.

Brennivínssalanum Ben. S. Þór.

brugðið ei verður um gjöfli.

Ófleginn drekkur enginn bjór

inni hjá þeim djöfli.

Þó að aldan þyki stór

og þreyti margan rokið,

það batnar þegar Bensi Þór

bleytir á oss kokið.

Ef brennivín frá Bensa Þór þú drekkur,

það blessað „lífsinsvatn“ þér gefur frið, –

og ef þú, vinur, verður Bakkó þekkur,

þú valið hefir góða hlutskiptið.

Það drekka kristsmenn eins og aðeistar,

það öllum gefur lífsins fjör á ný,

og það er sagt að sumir aðventistar

það súpi og verði fjandi gott af því.

Verslun

Ben. S. Þórarinnssonar

er sérstaklega orðlögð fyrir að hafa *góðar, fallegar og ódýrar vörur*. Þetta vita allir, en hitt vita ekki allir, að verslunin er nýbúin að fá all mikið af vörum eins og **Kvenmilli** og **nærfatnað** úr silki, ull og baðmull með nýtísku litum. **Léreftsnáttkjóla** með heilum og hálfum ermum. **Skýrtur, Náttföt, Kvensokka** úr ull, silki og baðmull um fimmtíu tegundir í öllum nýtiskunnar litum. **Lífstykki, Mjaðmabelti** og **laus sokkabönd** óteljandi teg. **Brjósthaldara** m. t. **Golftreyjur** hlýjar og fallegar m. t. **Morgunkjóla** og **Svuntur**, fjölda teg **Morgunkappa, Belti** og **Vasa klúta** og fl. og fl. sem of langt yrði upp að telja. Handa unglingum og börnum hefir verslunin fengið margt fallegt eins og **Sumarkápur** og **dragtífr** handa ungmejjum frá 2 til 14 ára margar tegundir. **Útlíföt** (Gammorsiuföt). **Þrjónaföt** úr ull og silki. **Peysur, Boli Kot, Sundboli** og **Sundhettur, Regnkápur. Kjóla. Sportsokka** m.

Hluti auglýsingar í *Vís*, 28. apríl 1928.

Þegar málarekstrinum gegn bannlögunum lauk varð Benedikt að finna sér eitthvað að gera til að framfleyta sér og fjölskyldu sinni og standa undir bókasöfnuninni. En síðustu ár hafði hann haft mikinn tíma til að sinna bókunum og söfnunin var komin vel af stað. Það fór svo að hann endurreisti verslunina en var þá með á boðstólum það sem var hvað lengst frá brennivíninu, þ. e. a. s. vefnaðarvöru ýmiss konar, t. d. nærföt. Hann var ekki lengi að eignast aftur stóran viðskiptavinahóp enda var hann alltaf með vandaða vöru í gangi og fólk þekkti hann sem gamlan og traustan kaupsýslumann.

Eftir lát Benedikts 1940 kom verslunin í hlut ekkjunnar Hansínu, seinni konu hans. Hún hélt henni áfram í nokkur ár með hjálp yngsta sonar síns Þórarins. En síðan var hún lögð niður.



Laugavegur í aldarbyrjun. Nr. 7 en annað hús frá vinstri.

Bókasafnarinn

Benedikt byrjaði ungur að safna bókum. Eflaust má rekja bókaáhugann til fróðleiksfúsa unglingsins í Breiðdal sem hafði bæði löngun og hæfileika til að afla sér menntunar en fékk ekki tækifæri til þess nema að takmörkuðu leyti áður en lífsbaráttan tók við. Benedikt vildi eiga bækur til að geta lesið þær. Það var háttur hans að rísa úr rekkju kl. 3-5 á morgnana til að hafa tíma til að huga að bókunum áður en hann varð að fara að sinna öðrum störfum. Þessar stundir mun hann m. a. hafa notað til að lesa vel og mikið. Hann svalaði þannig fróðleikspörstanum og varð fjölmenntaður þrátt fyrir stutta skólagöngu. Á sínum tíma var hann með bókfróðustu mönnum landsins.

Uppúr aldamótum var Benedikt búinn að setja sér markmið með bókasöfnuninni en það var hvorki meira né minna en að eignast allt prentað mál sem var á íslensku eða tengdist Íslandi hvort sem það hafði komið út hér á landi eða erlendis. Hér var mikið færst í fang, sérstaklega þar sem Benedikt ætlaði ekki að takmarka sig við bækur og tímarit heldur einnig safna smáprenti allskonar, efni sem kostaði mikla vinnu og tíma að hafa uppi á. Margar af elstu íslensku bókunum voru líka á þessum tíma orðnar fágætar eða ófánlegar. En Benedikt var safnari af guðs náð og lagði mikið á sig við söfnunina. Hann var í góðum efnum vegna verslunarrekstursins og var sagt að hann hafi sjaldan gengið frá bók sem honum lék hugur á að bæta í safnið fyrir verðs sakir. Hann hafnaði þó stundum kaupum ef hann sá að verðið var uppsprengt. En það má taka undir með Sigurði Nordal um að áhugi hans, þekking og atorka hafi skilað honum meiru en fjármunirnir. Benedikt hafði vakandi auga ef bókakaup voru í boði bæði hérlendis og erlendis. Innanlands voru stundum bókauppboð í Bárubúð og Goodtemplarahúsinu. Hann stóð í bréfaskriftum við forn bókasala víða um lönd og var skjótur að bregðast við er hann fékk bókaskrár frá þeim og öðrum. Hann talaði dönsku vel og ensku ágætlega en hann þurfti oft að fara til útlanda og gera innkaup fyrir verslunina. Slíkar ferðir notaði hann einnig til að heimsækja forn bókasala og svipast um eftir fágætum bókum. Í einni slíkri reisu keypti hann hið mikla rit Paul Gaimards um Norðurlönd fyrir 1.500 danskar krónur. Að útvega gjaldeyri fyrir slík kaup gat verið erfiðleikum bundið á þessum árum og hann fékk sérstakt gjaldeyrisleyfi þegar hann keypti frá Englandi ýmsar af Kelmscott útgáfum William Morris, þ. á m. *Canterbury Tales* eftir Chaucer á 150 pund sem þóttu kjarakaup á sínum tíma.

Varðandi rit sem prentuð voru innanlands þá fékk hann mörg þeirra beint frá útgefendum eða prentsmiðjum. Það mátti ekki vera nein misfella á þeim eintökum sem hann fékk, ef svo var þá bað hann um nýtt en hirti líka gallaða eintakið! Blaðburðarbörnin voru farin að þekkja hann og pössuðu sig á því að láta hann hafa besta blaðið, annars fór hann í afgreiðslu blaðsins og heimtaði nýtt.



Benedikt S. Þórarinnsson.



Bókmerki Benedikts er á öllu innbundnu efni bókasafnsins en það teiknaði Ríkarður Jónsson myndhöggvari.

Benedikt gerði skrár yfir allt sem afla þurfti í safnið, m. a. yfir þau tölublöð eldri og nýrri blaða og tímarita sem vantaði. Það var mjög tímafrek vinna að fylla inn í þær raðir og í bréfasafni hans má finna mörg bréf þar sem hann skrifar fólki víða um land og biður það um að reyna að útvega sér einstök tölublöð.

Fólk vissi af þessari söfnun hans og margar bækurnar fékk hann yfir búðarborðið. Það var algengt að fólk úr öllum stigum þjóðfélagsins kæmi með bækur til hans í verslunina og var þá oft í misjöfnu ástandi, bæði bækurnar og fólkið. Og oft enduðu þessi viðskipti með því að hann keypti bókina fyrir t. d. hálfan pela af séniver.

Þegar Benedikt fékk bók í fyrsta sinn í hendurnar fletti hann í gegnum hana til að fullvissa sig um að hún væri heil. Hann náði talsverðri færni í að gera við laskaðar bækur, hann límði saman rifin blöð og fyllti upp í skörð í síðum þar sem stafir höfðu rifnað burt með því að klippa út stafi úr samskonar lettri. Hann þvoði líka skítugar bækur og á bls. 15 má lesa lýsingu hans á aðferðinni við það.

Benedikt lét ljósprenta fyrir sig heilar bækur sem voru ófáanlegar, t. d. *Rímur af Úlfari sterka* (1775) og *Lítið ungt stöfunarbarn* (1782), og einnig einstök blöð sem vantaði í rit hans.



Bókasafnið á Smáragötu 10.

Benedikt valdi ritakostinum þann besta umbúnað sem völ var á og varði stórfé til bókbands. Mikið af honum er bundið inn í vandað band sem mun vera verk bestu kunnáttumanna á Íslandi og í Bretlandi og Danmörku.

Það var ljóst frá upphafi að Benedikt tækist ekki að safna öllu prentuðu efni sem gefið hafði verið út og tengdist Íslandi en hann náði því að eignast stærsta og fegursta bókasafn í einkaeign á Íslandi. Í því er m. a. ýmislegt sem vantar í Landsbókasafnið. Í safni Benedikts er ekki mikið af bókum sem voru prentaðar á Íslandi fyrir 1700. Hann kom of seint á vettvang til þess að hann gæti náð í mikið af þeim. Þar má þó finna góð eintök af biblíum Guðbrands og Þorláks, Súmmariurnar allar og Skálholtsútgáfur fornsagnanna. Benedikt var vel birgur af veraldlegum útgáfum 18. aldar, átti t. d. gott safn Hrappseyjarbóka en lagði þó mesta rækt við bækur, tímarit og blöð 19. og 20. aldar. Þar var hann á heimavelli og tókst að raka saman stórum hluta þess sem út kom. Hann átti einnig mikið af ferðabókum og nokkuð af erlendum ritum öðrum. Auk þess er vert að geta þess að hann lagði mikla rækt við að safna úrklippum úr erlendum blöðum, aðallega norrænum, um Ísland og sérprentum úr erlendum tímaritum. Safn hans af smáprenti ýmiss konar, s.s. póstkortum, erfiljóðum og fregnmiðum, er einnig geysimikið. Í viðtali við Benedikt sem birt er hér á eftir sagði hann safnið vera talsvert yfir 20.000 bindi ef allt væri talið og við lauslega athugun 1937 reyndist það vera 200 hillumetrar.



Benedikt S. Þórarinnsson.



Frá Benediktssafni í Þjóðarborgarhlöðu.

Viðtal sem Valtýr Stefánsson tók við Benedikt og birtist í Morgunblaðinu 1. desember 1935.

Veglegasta gjöfin sem Háskóla Íslands hefir hlotnast

Benedikt S. Þórarinnsson gefur Háskólanum allt bókasafn sitt, sem er ómetanlegur grundvöllur fyrir Háskólabókasafn vort. Heimspekideild Háskólans gerir hann að heiðursdoktor.

Í heimsókn hjá Ben. S. Þórarinssyni.

Tíðindamaður frá Morgunblaðinu heimsótti í gær Benedikt S. Þórarinnsson að Smáragötu 10, en í það hús flutti hann íbúð sína og bókasafn 1. október í haust.

– Háskólinn okkar á von á mikilli og glæsilegri gjöf frá yður, eftir því, sem blaðið hefir frétt.

– Á von á – segir hann. Bókasafnið er þegar eign háskólans, enda þótt ég muni hafa það undir höndum, meðan mín nýtur við, svo ég geti unnið að því að bæta við það og dytta að því.

Við göngum inn á skrifstofu Benedikts. Þar eru allir veggir þaktir bókahillum; frá gólfi til lofts. Þar skín á bókakilina í löngum röðum, skrautlega og ásjálega. – Í neðstu hillunum eru langar raðir af innbundnum dagblöðum.

Húsbóndinn gengur um gólf, meðan við tölum saman um bókasafnið hans. (Ég leyfi mér að nefna það svo).

– Hér er sá hluti bókasafnsins, sem ég kys að hafa við hendina, segir hann, en svo hefi ég bókhlöðu uppi á lofti og kjallaraherbergi með bókum og blöðum.

– Var ekki erfitt að flytja þetta allt, og koma því í samt lag?

– Því er ekki nærri lokið enn. Til þess að safnið færðist ekki úr skorðum hefði ég þurft langan tíma til flutningsins.

– Slíkt safn sem þetta þarf mikla umhirðu.

Benedikt kímir og segir: hætt er við því. Allar bækurnar í þessari hillu, t. d. eru þvegnaðar.

– Hvernig þá?

Benedikt tekur úr skápnum Skálholtsútgáfu af Landnámu frá 1688 og sýnir mér. Bandið er skrautlegt, þykkt skinnband, og blöðin öll tandurhrein.

– Svona geta gamlar bækur orðið, þegar þær eru þvegnaðar. Og hann flettir blöðunum. Þegar hann handleikur bókina er auðséð með hvílíkri natni og umhyggju hinn aldraði bókasafnari umgengst bækur.

Svo segir hann mér aðferðina við bókaþvottinn. Hinar gömlu bækur eru leystar upp úr bandinu, og blöðin, hvert fyrir sig, látin í sterkt sóðavatn. Því næst eru þau látin í klórlút, þá hreinsuð í köldu vatni, síðan þurrkuð. Þá bleytt í álúnslímvatni til þess að herða þau.

– Þetta hlýtur að vera ákaflega mikið verk?

– Ojá, en það vinnst með tímanum. Ég hefi unnið að þessu á sumrin, fer venjulega á fætur kl. 4 á morgnana.

– Hvenær byrjuðuð þér að safna bókum?

– Þegar ég var tvítugur átti ég bókasafn, eins og meðal prestur í sveit. Síðan jók ég við það. Nema hvað ég seldi nokkuð af safni mínu árið 1891 því þá flaug mér í hug að fara til Ameríku.

– Hve lengi hafið þér verið búsettur hér í Reykjavík?

– Ég kom hingað í júní 1894. En bókum fór ég ekki að safna fyrir alvöru, fyrr en um eða eftir aldamót.

– Og hvað hafið þér lagt megin áherslu á?

– Ég hugsaði mér fyrst að eignast öll helstu skáldverk íslensk og sem mest af því er snerti sögu landsins og íslenska tungu.


En síðar víkkaði ég safnsvið mitt og hefi unnið að því í 30-35 ár, að eignast sem mest af öllum íslenskum bókum, og því er snertir Ísland á erlendum tungum.

– Þér hafið þurft að ná viðskiptum víða um lönd til þess?

– Já, ég hefi verið í sambandi við fornbókasala í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Englandi, Þýskalandi og Frakklandi.



Benedikt S. Þórarinnsson á efri árum.



Nafnspjald Benedikts.

En fornbókasalar eru, sem aðrir misjafnir við að eiga, og ekki alltaf sem áreiðanlegastir.

– Og yður hefir tekist að ná saman mestu af því, sem prentað hefir verið á íslensku síðustu aldirnar?

– Sei, sei, nei. Það vantar ýmislegt, bæði nýtt og gamalt. Kannski ekki mikið frá 19. öldinni, líklega minna jafnvel en frá þeirri 20. Það er bannsett rómánuslið, sem gefið er út á síðari árum, sem erfitt er að festa hendur á. Og svo blöðin, sem komið hafa út, byrjað með miklum fyrirætlunum, og svo kannski ekki komið út nema fáein tölublöð.

– Hafið þér safnað öllu, sem prentað hefir verið, jafnvel erfiljóðum?

– Erfiljóðum, segir Benedikt, og breiðir út faðminn, þau á ég í faðmatali.

Og Benedikt tekur úr skápum sínum hverja bókina á fætur annarri í dýrindis bandi, sjaldgæf verk frá fyrri öldum, sem fáir menn vita að eru til, og enn færri nokkurn tíma sjá.



Benedikt í bókasafninu á Laugavegi 7.

Þar er Kirkjusaga Finns biskups, með mynd af Reykholtsmáldaga. Við skoðum rithönd Snorra Sturlusonar.

– Og hvaða miklu doðrantar eru þarna?

– Það eru póstkort, segir Benedikt.

Póstkortum hefir hann líka safnað. Er það fróðlegt myndasafn. Við rekumst þar á myndir af ýmsum skrítnum náungum, fyrstu íslensku skopmyndirnar, mynd af konungstjaldinu á Þingvöllum 1874 o. m. m. fl.

Innan í eitt bindið hafa lagst nokkrar reglugerðir gamalla og gleymdra félaga.

– Safnið þér líka slíkum fáséðum hlutum?

– Já, ég á mikið af þeim. En það er mikið verk að raða þessu öllu og gera það aðgengilegt. Svona hefi ég farið með blaðaúrklippur, segir hann. Og sýnir mér 28 ára gamla úrklippu úr dönsku blaði, sem hann hefir límt í spjöld í bókarformi. Af greinum í erlendum blöðum um Ísland hefi ég náð saman um 5000.

Fornbókasalar ytra hafa og klippt greinar fyrir mig um Ísland úr erlendum tímaritum. Af slíkum greinum eru á annað þúsund í safninu.

Annars verður þetta allt erfiðara eftir því, sem tímar líða, og bækurnar margar ákaflega mikið dýrari en þær voru t. d. á síðustu áratugum 19. aldarinnar, er félitlir íslenskir stúdentar í Höfn gátu aflað sér mikils af íslenskum bókum þar. Ég minnst t. d. bókasafns Ólafs Davíðssonar er hann átti 1885. Þá var ég í Höfn um tíma, og kynntist Ólafi. Hann var allra manna fróðastur um íslenska bókfræði er ég hefi kynnst. Og hann þekkti alla fornbókasala Hafnar.

– Munið þér nú allan þann aragrúa af bókum sem þér eigið?

– Ójá, þetta er eins og með fjármenn í sveit, þeir þekkja rollurnar þó þær séu um 200 og sakna þess er einhverja vantar, þó þeir telji þær ekki.

– En þetta eru nú rúmlega 200 bækur. Hvað giskið þér á að þær séu margar?

– Það eru nú mörg ár síðan ég gerði skrá yfir það helsta í safninu. Sú skrá náði yfir 10 þúsund bindi.

– Það hefir máski tvöfaldast síðan, svo þau séu nú orðin 20 þúsund?

– Ég býst við, að þau séu æði mikið fleiri en 20 þúsund.

– Gerið þér yður nokkra hugmynd um hvað safn þetta hefir kostað yður?

– Nei. Ef ég ætti að sjá það, þá myndi fara líkt fyrir mér eins og erfiljóðaskáldinu, sem ég spurði að hvernig honum myndi lítast á, ef hann sæi öll erfiljóðin sín bundin í eina stóra bók. Ég myndi á sama augnabliki fá slag, sagði skáldið. Segi ég það þó ekki, bætir Benedikt við, að mér yrði eins mikið um ef ég sæi upphæðina. En ég sé hana aldrei og aldrei getur neinn giskað á hana.



Frá Benediktssafni í Þjóðarbókhöfðu.

Velgjörðamaðurinn

Húsið á Laugavegi 7 þjónaði sem verslun og íbúðarhúsnæði fyrir Benedikt og fjölskyldu hans. En hann hafði misst konu sína Sólrúnu árið 1901 en kvænst aftur fimm árum síðar Hansínu Eiríksdóttur frá Karlsskála í Reyðarfirði. Með Sólrúnu eignaðist Benedikt sex börn en tvö af þeim fæddust andvana. Hin fjögur voru Þyri Helga, Þórdís Todda, Þórunn og Sólon. Með Hansínu átti Benedikt þrjú börn: Eirík, Sigríði og Þórarín.

Á Laugavegi geymdi Benedikt einnig hið mikla bókasafn sitt. Herbergi hans inn af búðinni í vesturenda hússins var allt hlaðið bókum og bókaskápum. Þrátt fyrir bókamergðina var eigandinn samt furðu fljótur að finna hverja bók. En að lokum kom að því að þrengslin urðu of mikil. Það var líka áhyggjuefni að geyma svo stórt og verðmætt bókasafn í timburhúsi á meðal timburhúsa. Benedikt festi því kaup á stóru steinhúsi við Smáragötu 10 og flutti þangað með fjölskyldu sína og bókasafn árið 1935 en rak áfram verslunina á Laugavegi. Á Smáragötu voru 10 herbergi og Benedikt hafði mjög rúmgóða skrifstofu.

Eins og áður sagði reis Benedikt snemma úr rekkju til að geta sinnt bókum sínum áður en hann fór til vinnu sinnar í versluninni. Hann kom heim um kl. 5-6 og gat því stundum verið 8-10 stundir yfir daginn í bókasafni sínu. Á Smáragötunni var Benedikt orðinn einn af aristókrötum Íslands en hann var vel þekktur meðal fólks fyrir verslunina og bókasöfnunina. Hann var yfirleitt í góðu álit hjá borgurunum og vel liðinn. Það var algengt að helstu broddborgarar bæjarins kæmu að heimsækja hann og þá barst talið gjarnan að bókunum. Benedikt var gestrisinn og gat ljómað af gleði ef hann var nýbúinn að fá bókapakka sendan og það kom oft glampi í augun á honum þegar hann dró fram eitthvert fágæti til að sýna gestum. Hann gat þó stundum vírst frekar þungur á brún þegar menn hittu hann fyrst en við nánari kynni reyndist hann ljúfur og alþýðlegur maður. Benedikt kom alltaf vel saman við fólk sem var látlaust í framkomu en þannig var hann sjálfur. Meðal þeirra sem komu í heimsókn til hans á Smáragötuna árið 1937 voru bresku skáldin W. H. Auden og Louis MacNeice. En það var sonur hans Eiríkur sem kom með þá. Heimsóknin endaði með ósköpum því Benedikt var mjög misboðið vegna drykkjuláta Englendinganna og vísaði þeim á dyr. Því þó að Benedikt væri gamall brennivínskaupmaður og hefði grætt vel á því að selja slíka vöru var honum lítið um drykkjuskap annarra gefið.

Þegar árin færðust yfir Benedikt fór hann að velta fyrir sér hvernig ætti að ráðstafa bókasafninu eftir hans dag. Hansína kona hans hafði lítinn áhuga á bókunum og börnin ekki mikinn heldur nema helst Eiríkur sem hafði aðstoðað föður sinn við söfnunina. Benedikt vildi ekki að bækurnar dreifðust að honum látnum.



Mynd sem birtist í *Vísí* 27. apríl 1960 þar sem sagt er frá því að verið sé að rífa húsið að Laugavegi 7 þar sem Benedikt bjó og starfaði.



Skrifborð Benedikts á Smáragötu 10.

Benedikt hafði lengi borið hlýjan hug til Háskóla Íslands. Á stofndegi Háskólans 17. júní 1911 gaf hann skólanum 2.000 krónur og mynduðu þær stofnfé „Heiðurslaunasjóðs Ben. S. Þórarinssonar“ og átti að verja honum til launa fyrir framúrskarandi ritverk í vísindum. Sigurður Nordal segist sannfærður um að um svipað leyti hafi fæðst hjá Benedikt sú hugmynd að hann myndi síðar láta safnið renna sem eina heild til Háskólans og leggja þannig drjúgan skerf til uppbyggingar bókasafns í íslenskum fræðum við skólann. Sigurður, sem var prófessor við Háskólann, og Benedikt voru góðir vinir og líklega var það að talsverðu leyti vinfengi þeirra að þakka að bækurnar enduðu hjá skólanum.

Það var síðan með gjafabréfi sem dagsett var 10. júlí 1935 sem Benedikt ánafnaði Háskóla Íslands bókasafn sitt. Áskilið var að safninu yrði haldið sér. Í kjölfarið var hann sæmdur heiðursdoktorsnafnbót (doctor philosophiae honoris causa) 1. desember sama ár.

Síðustu ár sín helgaði Benedikt sig því að auka og bæta bókasafnið. Hann hafði lengst af verið við þokkalega heilsu og starfsþrekið hafði alltaf verið mikið. Það sem varð honum að aldurtila var æðakölkun en hann var rúmliggjandi vegna hennar síðustu sex mánuðina. Hann andaðist 29. ágúst 1940, 78 ára gamall.

Eftir lát Benedikts var bókasafn hans flutt í háskólabýgginguna sem þá var nýreist. Þar var því komið fyrir í herbergi á 1. hæð með stálhlerum fyrir gluggum og eldvarnarhurð úr stáli. Innan Háskólabókasafns gegndi Benediktssafn því hlutverki að vera friðað vinnubókasafn prófessora í íslenskri bókmenntasögu og íslensku máli og höfðu þeir nokkrir um skeið lykil að herberginu. Einnig þjónaði það sem bókfræðiafdrep fyrir starfsmenn Háskólabókasafns. Þegar Háskólabókasafn sameinaðist Landsbókasafni í Þjóðarbókhöfðinu varð Benediktssafn eitt af sersöfnum Íslandssafns og er varðveitt þar í sérstöku herbergi. Rit í Benediktssafni eru yfirleitt betur varðveitt en önnur samskonar rit í safninu, því er mikið um að þau séu notuð við stafræna endurgerð íslenskra bóka og tímarita sem birt er á vefjunum bækur.is og timarit.is þar sem þau eru síðan aðgengileg öllum heiminum. Minning Benedikts S. Þórarinssonar mun því heldur vaxa en dofna á komandi árum.

Benedikt Sigurðr Þórarinnsson
kaupmaður á Laugaveg 7 í
Reykjavík kaupstað

G J Ö R I K U N N U G T: að ég með bréfi þessu gef og afsala Háskóla Íslands allt bókasafn mitt frá einblöðungi til hinnar þykkustu bókar, bundið sem óbundið, að undanteknum Corpus Codicum Islandicorum Medii Aevi, vols. I-VII, Levin & Munksgaard, Copenhagen 1930-1934. Safninu fylgja tvö ljósmynduð handrit, annað af Þiðriks sögu af Bern, enn hitt af Frisoók (Codex Frisianus). Ein skrifuð kvæðabók, skrifuð 1816. Svo og fylgja bókasafninu gömul og ný landa-bréf, myndir, blaða-úrklippingar uppsettir og óuppsettir og póst-kortasafn.

Bókasafnið er eign Háskóla Íslands frá dagsetningu bréfs þessa, og getr hann tekið það í sínar vörslur nær hann vill.

Allt safnið á að vera merkt bókmíða (Ex-Libris) mínum, og fylgja því myndamót tvö, lítið og stórt. Ennfremur fylgja spjald-skrár.

Gjöf þessari fylgja þau skilyrði, að safninu sé haldið út-af fyrir sig, og að Háskólinn láti safnið ekki af hendi á nokkurn hátt, né neitt úr því til annara safna, eða einstaklinga, hvorki í bóka-skiptum, gefins eða selt. Eigi séu heldr bær safnsins lánaðar úr því út úr Háskólanum, og helst verði safnið eigi til afnota öðrum enn prófessórum, dócentum og kandidötum, er nota það innan veggja bókasafns Háskólans. Etlast er til, að Bókasafnið verði sérstaklega vel hirt, og fágætustu hlutir þess verði geymdir í vel læst^um skápum.

Endist mér ekki líf til að afhenda Háskóla Íslands bóka-safnið og það, er því fylgir og fylgja ber, bið ég son minn Elfrík Benedikt að gera það fyrir mína hönd.

Gjafabréf þetta er gert í tveim samhljóða írumritum.

Til staðfestingar bréfi þessu er mín eiginhandar undir-skrift og innsigli.

Reykjavík, 10. dag júlímánaðar 1935.

Ben. Þ. Þórarinnsson

*Vitundarvottar
Bogðóla Þósson
Sigríður Þórnisdóttir*



Til Háskóla Íslands, Reykjavík.



Brjóstmynd af Benedikt eftir Ríkarð Jónsson myndhöggvara. Benedikt leiddist mjög fyrirsætustörfinn og það skýrir kannski þann þunga svip sem hann sýnir á brjóstmyndinni. Hún er nú varðveitt í bókasafni hans á Landsbókasafni.

Gjafabréf Benedikts til Háskóla Íslands.



Sólrun Eiríksdóttir með Sólun.

Fjölskylda

Benedikt S. Þórarinnsson 6. nóvember 1861 - 29. ágúst 1940

Fyrri kona:

Sólrun Eiríksdóttir 27. júlí 1854 - 4. júlí 1901

Börn:

Þyri Helga Benedíksz 29. janúar 1888 - 26. júní 1966

Þórdís Todda Benedíktsdóttir 15. maí 1889 - 12. nóvember 1918

Þórunn Benedíktsdóttir 9. júní 1893 - 29. nóvember 1981

Sólun Þór Benedíksz 11. september 1899 - 12. desember 1971



Þyri Helga Benedíksz.



Þórdís Todda Benedíktsdóttir.



Þórunn Benedíktsdóttir.

Seinni kona:

Hansína Eiríksdóttir 6. nóvember 1874 - 11. maí 1953

Börn:

Eiríkur Benedíkz 5. febrúar 1907 - 1. ágúst 1988


Sigríður Benediktsdóttir Norðmann 9. mars 1910 - 12. september 1976

Þórarinn Benedíkz 1. mars 1912 - 2. október 1961

Eftirnafnið Benedíkz kom þannig til að Benedíkt fékk konungsleyfi fyrir því að börn hans öll og eftirkomendur sem það vildu gætu haldið föðurnafninu.



Hansína Eiríksdóttir.



Benedíkt með sonum sínum Eiríki og Þórarni.



Eiríkur, Sigríður og Sólon.

Heimildaskrá

Árbók Háskóla Íslands 1935-1936. Reykjavík 1937.

Benedikt S. Benedikz. Viðtal 9. og 15. október 2007.

„Benedikt S. Þórarinnsson andaðist í gær“. *Morgunblaðið* 30. ágúst 1940.

„Benedikt S. Þórarinnsson kaupmaður“. *Óðinn* apríl 1919.

Björn Sigfússon: „Dr. Benedikt S. Þórarinnsson“. *Morgunblaðið* 7. nóvember 1961.

„Dr. Benedikt S. Þórarinnsson kaupmaður“. *Vísir* 6. september 1940.

Sven B. F. Janson: „Hos en isländsk boksamlare“. *Dagens nyheter* 4 Januari 1938.

Sven B. F. Jansson: „En boksamlare“. *Historiebok. Ur min framfart*. Stockholm 1982.

Kristín Guðlaugsdóttir. Viðtal 23. nóvember 2007.

Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum. IX. bindi (1913-1916); X. bindi (1917-1919).

P. Þ. J. Gunnarsson: „Kaupsýslumaðurinn dr. Benedikt S. Þórarinnsson“. *Morgunblaðið* 6. september 1940.

Sigurður Nordal: „Benedikt S. Þórarinnsson. Á 75 ára afmæli“. *Mannlýsingar* III. Reykjavík 1986.

Sigurður Nordal: „Benedikt S. Þórarinnsson og bókasafn hans“. *Mannlýsingar* III. Reykjavík 1986.

„Sjötugsafmæli“. *Morgunblaðið* 6. nóvember 1931.